

SUÐURLANDSANGI

Góðu Kvennalistakonur!

Þegar á að segja frá starfi Kvennalistans á Suðurlandi síðastliðið ár er það auðvitað framboð til bæjastjórnar á Selfossi og það sem því fylgir sem mest hefur snúist um. Ég verð að vísu að taka það fram strax að nafnið Suðurlandsangi er varla réttnefni. Reyndar eru angalíur út um sveitir og austur í sýslum en það starf sem ég ætla að gera grein fyrir hér er bundið við eina þúfu, Selfoss.

Fljótlega uppúr síðustu áramótum fórum við að ræða í alvöru um framboðsmál og líklega var það tvennt sem réði úrslitum um að við léttum okkur hafa það. Í fyrsta lagi vildum við hafa áhrif á okkar nánasta umhverfi og koma kvennapólítíkinni að og í öðru lagi þurftum við að sanna tilveru Kvennalistans á Suðurlandi fyrir sjálfum okkur og öðrum. Við vorum þá búnar að starfa í rúmt ár en það var satt að segja eins og við vissum varla alveg hvað við ættum af okkur að gera.

Og líklega var það einmitt svona ákveðið markmið til að stefna að sem okkur vantaði, því að það sýndi sig að nú lét engin sitt eftir liggja, fyrst við vorum komnar af stað skyldum við sýna hvað konur geta. Og það tókst, við komum einni að.

Þetta kosningastarf var bæði lærðómsríkt og skemmtilegt. Hitt er svo annað mál, að það er ekki allt skemmtilegt sem fylgir því að komast í bæjarstjórn. Nú vorum við komnar inní kerfið og urðum að fara að taka pólitískar ákvarðanir. Strax eftir kosningar byrjuðu "umleitanir" og "þreyfingar" (oj) eins og peir kalla það um hver yrði með hverjum í meirihluta. Við komust að þeirri niðurstöðu að við ættum að reyna að hafa sem mest áhrif og fórum þess vegna í meirihlutaviðræður þar sem við settum ákveðin skilyrði. Þarna var gert svokallað meirihlutasamkomulag þar sem við komum inn stefnumálum einb. og þeim að strax yrði farið að vinna að lausn á dagheimilis og skóladagheimilismálum, að húsnæðisaðstaða barnaskólans yrði bætt, að félagslegt húsnæði yrði byggt,

að bærinn greiddi ekki lægri laun en svarar framfærslukostnaði o.fl.

Aftur á móti urðum við að láta í minni pokann með það að bærinn veiti aldrei áfenga drykki. Þetta óttuðust einhverjir að væri svo hallærисlegt. Það varð reyndar munnlegt samkomulag um að halda áfengisneyslu á lágmarki. Helst skyldist okkur að það yrði að bjóða rauðvín ef Færeyinga eða Grænlending bæri að garði í vinabæjarheimsókn. Annað atriði sem ekki fékk hljómgrunn ar svohljóðandi: "hagkvæmni og skynsemi verði látin ráða ferðinni í öllum ákvörðunum bæjarstjórnar". Þetta mátti ekki sjást á prenti, okkur tókst því ekki að fá skjalfesta í bæjarstjórn stefnu hinnar hagsýnu húsmóður.

Við fengum svo fulltrúa í a.m.k. 20 nefndir á vegum bæjarins. Það þýðir að margar okkar eru í tveimur nefndum. Í sumum tilfellum er petta talsvert mikið starf, oft haldnir fundir og konur þurfa að kynna sér málín vel því við viljum auðvitað standa okkur vel. Mest mædir auðvitað á bæjarfulltrúanum, en hún er á 2-3 fundum í viku fyrir utan annað vesen, og fyrir utan Kvennalistafundina.

Reynsla okkar af þessum störfum er misjöfn. Sumar eru ánægðar, starfa með áhugasömu fólki að nauðsynlegum máleznum, aðrar, sem héldu kannski að þær væru að fara að gera eitthvað merkilegt uppgötvuðu að þær voru komnar í karlasaumaklúbb (þar sem að vísu er hvorki saumað né prjónað).

Fundirnir eru oft haldnir kl. 1/2 6 á kvöldin, á tíma sem konum finnst að þær þurfi að vera heima að sinna börnum og kvöldmatarstússi. En körlunum liggur ekkert á og ræða málín í rólegheitum tímunum saman. Ein sem var að koma af slíkum fundi fann það út að ef sér hefði fundist hún vera huldukona að koma út úr hamrinum í vor, væri hún núna komin í bland við tröll.

Nú megið þið ekki halda að við séum voðalega niðurdregnar. Síður en svo. En við erum kannski dálitið dasaðar því petta er ekki svo lítið átak eins og þið vitið, að koma út úr hamrinum meina ég. Það reynir líka stundum á þolrifin að þurfa að fallast á málamiðlanir sem er óhjákvæmilegt í samstarfi við aðra.

Í lokin vil ég minnast aðeins á viðhorf okkar til alþingisframboðs. Við höfum mikinn áhuga á að vinna að því og erum að leggja á ráðin um hvernig við eigum að ná sambandi við Kvennalistakonurnar sem hljóta að leynast víðsvegar um Suðurland. Til þess þurfum við ykkar stuðning og það verður gott að geta ráðgast um þetta við ykkur hér á landsfundinum.

Við erum vissar um að rétt sé að stefna að alþingisframboðum um allt land því allsstaðar er fólk sem fegið vill geta kosið Kvennalistann.